

Atvinnuveganefnd Alþingis

Jón Gunnarsson formaður

24. janúar 2016

Efni: Umsögn LS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992, með síðari breytingum.
Mál nr. 385 Þingskjal 521 (Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Landssamband smábátæigenda (LS) telur að frumvarpið bæta stjórnkerfi fiskveiða. Vart hefur verið við ójafnræði og deilur sem spunnist hafa upp vegna viðurlaga sem beitt hefur verið við sams konar brotum. Nærtækt dæmi er um meðafla við grásleppuveiðar hjá bátum sem hafa veiðiheimildir í þorski og þeirra sem engar veiðiheimildir hafa.

Á 31. aðalfundi Landssambands smábátæigenda var eftirfarandi samþykkt:


- *leggur til að andvirði grásleppuafla sem veiddur er eftir að úthlutuðum veiðidögum hvers báts lýkur renni í ríkissjóð og myndi ekki viðmiðun til byggðakvóta.*

Ákvæði frumvarpsins tekur undir samþykktir LS og lýsir félagið sérstakri ánægju með það.


LS telur að samhlíða meðferð nefndarinnar á frumvarpinu verði að ræða einstök dæmi sem upp geta komið þegar úrskurða á um refsingu. Í umsögn með frumvarpinu er staðhæft að 17 mál hafi ratað á borð Fiskistofu á árunum 2013-2015 sem ekki var lagt gjald á afla sem fenginn var með ólögmætum hætti. Gera má ráð fyrir að þarna sé á ferðinni helmingur þeirra mála þar sem refsing lá fyrir. Það er miður þegar fjallað er um frumvarpið að ekki sé gerð nánari grein fyrir þeim málum sem hér um ræðir. Hvort tekist hafi að gæta jafnræðis einstakra aðila? Hvort dæmi séu um að þeir sem hafi veiðiheimildir hafi borið skarðan hlut frá borði við ákvörðun og fullnustu refsingar, en þeir sem engan kvóta höfðu?

LS gerir sérstaka athugasemd við f-lið frumvarpsins. Þar er vakin athygli á að lægra verð fæst að jafnaði fyrir undirmálsfisk, og það eitt telur LS að hafi nægan fælingarmátt til að viðkomandi forðist veiðar eá smáfiski eins og kostur er.

Virðingarfyllst



Halldór Ármannsson formaður



Örn Pálsson framkvæmdastjóri

